

**Sþ.**

**116. Tillaga til þingsályktunar**

**[101. mál]**

um dýpkunarskip.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Þorv. Garðar Kristjánsson, Gunnlaugur Finnsson,  
Karvel Pálmason, Kjartan Ólafsson, Sighvatur Björgvinsson,  
Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga nú þegar, hvort ekki sé tíma-  
bært að efna til kaupa á nýju dýpkunarskipi eða að öðrum kosti leita fyrir sér  
um leigu á slíku skipi erlendis frá til að leysa úr aðkallandi þörf margra hafna  
á landinu.

**Greinargerð.**

Það er alkunna, að íslendingar hafa stóraukið skipastól sinn á undanförnum  
árum. Stærri og fullkomnari skip kalla á bætt hafnarskilyrði, ella geta þau engan  
veginn gengt því hlutverki sínu til uppbyggingar í atvinnulífi þjóðarinnar, sem til  
er ætlast.

Dýpkunarskipið Grettir hefur nú um hartnær 30 ára skeið þjónað höfnum  
fyrir allt landið. Það er orðið gamalt og úr sér gengið og þarfnast nú gagngerðra  
endurbóta og viðgerðar, sem tvisýnt þykir að svari kostnaði. Nú hefur skipið á  
annað ár verið bundið við dýpkunarframkvæmdir í Grindavíkurhöfn, á meðan aðrar  
hafnir bíða eftir nauðsynlegri dýpkun. Þaunig bíða nú hafnirnar í Sandgerði, Bol-  
ungarvík og Dalvík allar eftir dýpkun, eftir að framkvæmdum lýkur í Grindavík,  
og er í dag ósýnt, hvenær Grettir geti sinnt þörfum þeirra.

Það er því ljóst, að næg verkefni eru fyrir nýtt dýpkunarskip, og víst er, að  
fleiri hafnir muni koma á eftir á næstu árum. Hér er því skjótra aðgerða þörf og  
nauðsynlegt, að hafist sé handa strax um athugun á, hvernig leyst verði á sem  
hagkvæmasta hátt til að firra hlutaðeigandi byggðarlög atvinnulegu tjóni.

Það er álit flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu, að leiga á erlendu  
dýpkunarskipi komi hér sterklega til greina og nauðsynlegt, að könnun á þeim  
möguleika fari fram hið allra fyrsta.